Til bæjarráðs

Fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Hversu margir af þeim einstaklingum sem Garðabær veitir þjónustu á grundvelli laga nr 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hafa fengið einstaklingsbundna þjónustuáætlun?

Í hve mörgum tilfellum er þjónustuáætlunin staðfest og undirrituð af fjölskyldusviði (miðað við þann 08/11/2020)?

Í hve mörgum tilfellum er þjónustuáætlunin staðfest og undirrituð af fulltrúum frá þjónustukerfum heilbrigðis- og menntamála (miðað við þann 08/11/2020)?

Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi

Svör dags. 30.11. 2020/pme

Samkvæmt 12. gr. í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuþarfir þá eiga einstaklingar sem þörf hafa fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála rétt á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Af þessu leiðir að um er að ræða einstaklinga sem fá þjónustu umfram 60 klst. á mánuði **og** þurfa fjölþættan stuðning frá bæði þjónustukerfi félagsmála og öðrum þjónustukerfum.

Fjöldi einstaklinga sem í dag falla undir þessa skilgreiningu er 32. Af þeim hafa 21 þegar fengið einstaklingsbundna þjónustuáætlun, 6 eru með NPA samning og verður þjónustuáætlun við þá gerð í tengslum við endurnýjun samninga. Þá er ólokið gerð 5 annarra einstaklingsbundinna. Slíkt kemur þó ekki í veg fyrir gerð þjónustumats og það að þjónustan hefjist. þjónustuáætlana.

Flestar áætlananna munu vera staðfestar/undirritaðar af starfsmönnum fjölskyldusviðs.

Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir eru ekki í neinum tilvikum undirritaðar af fulltrúum heilbrigðisþjónustunnar, þrátt fyrir það að gengið hafi verið á eftir því af hálfu félagsþjónustunnar. Þetta er vandi sem aðrar félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu hafa einnig verið að kljást við.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026